



## Sigfús Elíasson, ljóð

---

Bjarni Benediktsson – Forsætisráðherra – Ljóð – Kvæði

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

*Einkaskjalasafn nr. 360*

*Stjórnámálamaðurinn*

Askja 2-34, Örk 8

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



FORSÆTISRÁÐHERRA ÍSLANDS,  
DR. BJARNI BENEDIKTSSON.

Ráðhollum foringja rekkar hlýði,  
rammefld hver súla þess trausta bands,  
með Grettistak viljans hann stendur í stríði  
á ströndu þess bjarta, þess helga lands.

Efst gnæfir vitinn í Atlantshafi  
undir blikandi stjörnutrafi.

Falli nú blessun frelsarans  
til forsætisráðherrans.

Hann móttaki gjafir Meistarans.

Þjóðin öll samhent í gullnámur huldar grafi,  
hennar gimsteinar bíða - perludjásn sannleikans.

Fögnuður veitist aðeins þeim friðsama lýði.

Senn funar í norðri hinn mikli röðull kærleikans.

Örugg og glöð hún Guðsdagsins himneska bíði,

gjöri vilja þess smurða, sonarins - höfðingjans.

*Sigfrús Elíasson*

Höfundur mætti forsætisráðherranum í Austurstræti.

Sköpun ljóðsins hófst mitt í mannþrönginni. Stefnu  
var þó haldið til Pósthússins, þaðan heim, penninn  
gripinn og listaverkið smáa lettrað á blað.